

## SVAR

**Viðtakandi:** Stafrænt ráð

**Sendandi:** Arna Ýr Sævarsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og umbreytinga

### **Efni: Svar við Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um innleiðingu stafrænna lausna varðandi nemendaskráningar ofl. í grunnskólum**

Á fundi stafræns ráðs þann 28. ágúst 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa flokksins, sbr. 12. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

*Fyrirspurn vegna liðs 3; Kynning á kjarnavörum Búi og Bjargey frá fundi stafræns ráðs þann 8. maí Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort þjónustu og nýsköpunarsvið sé í einhverskonar samstarfi í innleiðingu stafrænna lausna varðandi nemendaskráningar ofl. í grunnskólum*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 30. ágúst 2024.

#### **Svar:**

Reykjavíkurborg hóf þróun innritunarkerfis fyrir grunnskóla haustið 2021, en á þeim tíma voru hvorki ríkið né önnur sveitarfélög byrjuð á þeirri vegferð. Í nokkur ár þar á undan hafði reglulega verið rætt við þau ráðuneyti sem fóru með menntamál sem og þáverandi stofnanir er fóru með málefni skóla um hvort áhugi væri á samstarfi um þróun slíkra kerfa og gagnagrunna. Það reyndist ekki vera og því ákvað borgin að hefja verkefnið sjálf enda var brýn þörf til staðar. Verkefnið leiddi til þess að gagnagrunnur með skráningarupplýsingum barna í fyrsta bekk varð til, og vorið 2022 var fyrsta innritunin framkvæmd í gegnum nýtt stafrænt ferli. Síðan þá hefur verið unnið að því að þróa nemendaskráningarkerfið til að mæta þörfum Reykjavíkurborgar, sem eru oft umfangsmeiri og flóknari en hjá flestum öðrum sveitarfélögum, meðal annars vegna reksturs sérdeilda eins og Klettaskóla.

Reykjavíkurborg hefur frá þeim tíma átt í góðu samstarfi við bæði Menntamálastofnun, sem áður hafði umsjón með samræmdri nemendaskráningu, og nú Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS), sem nú fer með þessi málefni fyrir hönd ríkisins. MMS hefur ákveðið að þróa sitt eigið kerfi, sem kallast Frigg þó að stofnuninni hafi boðist að nýta kerfi borgarinnar. Reykjavíkurborg er í reglulegu samtali við MMS og mun fylgjast náið með þróuninni, með það að markmiði að tryggja rétt upplýsingaflæði og örugg gagnaskipti á milli kerfanna.

Reykjavíkurborg lauk þannig innleiðingu kerfisins áður en MMS hóf þróun eigin kerfis og sem stendur er Reykjavíkurborg komin lengra í þróun þessara málaflökka en ríkið



Reykjavíkurborg  
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

og mörg önnur sveitarfélög. Því leggur Reykjavíkurborg áherslur á að eiga í góðu samtali og samstarfi við þessa aðila.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Arna Ýr Sævarsdóttir,  
skrifstofustjóri þjónustu og umbreytinga